



7. stjórnarfundur LH

10. maí 2019 kl. 16:00 Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson fomaður, Sóley Margeirsdóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Oddrún Ýr Sigurðardóttir ritari, Ágúst Hafsteinsson, Eggert Classen og Stefán Logi Haraldsson úr aðalstjórn og Siguroddur Pétursson, Lilja Björk Reynisdóttir, Siguroddur Pétursson og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn **Fjarverandi:** Þórdís Arnardóttir og Rósa Birna Þorvaldsdóttir úr varastjórn. Einn af stjórnarmönnum var með á fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

1. Formaður setti fund og Lilja Reynisdóttir var fundarstjóri

2. Samþykktir fundargerða

Samþykkt fundargerðar 6. stjórnarfundar frestað

3. Horses of Iceland (HOI)

Á fundinn komu Jelena Ohm verkefnisstjóri HOI og Rúnar Guðbrandsson fulltrúi LH í verkefnisstjórn HOI og kynntu verkefnið og samstarfið við LH, sjá glærur í fylgiskjali.

4. 1. maí alþjóðlegur dagur íslenska hestsins

Stjórn LH í samstarfi við HOI hvatti hestamannafélög til að taka þátt í 1. maí, alþjóðadegi íslenska hestsins. Markmiðið var að gefa kost á og hvetja almenning til að koma í heimsókn í hesthúsin á hverjum stað og eða taka þátt í hestatengdum viðburðum. LH og HOI kynntu í samstarfi viðburði dagsins á helstu fjölmiðlum. Verkefnið gekk ágætlega og þarf að festa verkefnið í sessi á meðal hestamanna og efla á næstu árum.

5. Þeir allra sterkustu / fjárhagsáætlun HM

Stærsti viðburður landsliðsins var haldinn 20. apríl í TM höllinni í Víðidal. Viðburðurinn var með talsvert breyttu sniði frá því sem verið hefur. Fjáröflun gekk vel og vill stjórn LH þakka þeim sem komu að framkvæmdinni og veittu landsliðinu stuðning. Einnig var farið yfir fjárhagsstöðu landsliðsins og grófa fjárhagsáætlun fyrir HM 2019 í Berlín.

6. FEIF þing 2020 – staðsetning

FEIF hefur tekið ákvörðun í samstarfi LH að halda FEIF þingið 2019 á Hótel Örk.

7. Uppskeruhátíð hestamanna

Uppskeruhátíðin verður haldin á Hótel Sögu 2. nóvember. Samið hefur verið við eigendur hótelsins um verð og fyrirkomulag. Einnig hafa verið tekin frá herbergi á hótelinu fyrir gesti hátíðarinnar. Hátíðin verður haldin í samstarfi við FHB líkt og verið hefur. Gert verður ráð fyrir í dagskrá hátíðarinnar tengingu við 70 ára afmæli LH.



8. Öryggis-, ferða- og samgöngunefnd

Öryggis-, ferða- og samgöngunefnd LH sendi til umfjöllunar þingskjal 56. frá landsþingi 2014 þar sem óskað var eftir að LH gerði könnun m.a. á því hversu mikum fjámunum hestatengd ferðaþjónusta væri að skila þjóðarbúinu á ársgrundvelli. Nefndin mun funda með fulltrúum hestatengdrar ferðaþjónustu í haust. Skrifstofa mun senda á nefndina þær upplýsingar sem liggja fyrir varðandi málið.

9. Afrekshópur LH 14 -17 ára

Stjórn LH beinir því til æskulýðsnefndar hvort og þá með hvaða hætti setja eigi á stofn afreksstarf fyrir efnilega knapa á aldrinum 14-17 ára.

10. Aðgangur hestamannafélaganna að myndefni á WorldFeng

Nú hafa fimm félög keypt aðgang að myndefninu. Kostnaðurinn er kr. 350 á greiðandi félagi 18-69 ára á ári. Hafin er vinna við að setja fleiri eldri mót inn í gagnagrunninn.

11. ÍSí þing

Þrjú stjórnarmenn auk framkvæmdastjóra fóru á ÍSí þing sem haldið var í Gullhömrum 3.-4. maí. Þeir sem fóru voru ÁH, LÁH, EHC og HS. Fulltrúar LH lögðu áherslu á að vera með í umræðunni um þjóðarleikvang. Tölvukerfið Felix verður endurskoðað. Afreksmálin eru mikilvæg og mikilvægt að LH haldi áfram á þeirri braut að vera til fyrirmyndar í afreksmálum.

12. SportFengur

Fyrirhugað er að haldið verði mót í Svíþjóð 6.-7. júní þar sem notast verði við Sportfeng. Fulltrúar BÍ og LH munu undirbúa mótshaldara í Svíþjóð og fara á mótið til að kenna á kerfið. Reiknað er með að fulltrúar Norðurlandanna komi á mótið til að kynna sér kerfið og læra á það.

13. Samræming skráninga í Öryggismálum

Öryggisfulltrúi LH, EHC, boðaði fund á dögnum með fulltrúum hestamannafélaganna á höfuðborgarsvæðinu, fulltrúar frá Spretti, Sóta og Fáki, komu saman og ætla að hittast aftur 20. maí ásamt fulltrúum fleiri félagi. Markmið fundarins var að samræma aðgerðir, og verklag í sambandi við öryggismál t.d. slysskráningu.

14. Skógarhólar

EHC fór yfir þær framkvæmdir sem hafnar eru á Skógarhólum.



15. Valnefnd – greinargerð

SM og ÓP lögðu fram nýja greinargerð valnefndar fyrir stjórn sem var samþykkt. (sjá fylgiskjal)

16. Felix - Sleipnir

Umræða um félagakerfið Felix og stjórnarmenn upplýstir um að félagatal Sleipnis hafi dottið út á dögum án nokkurra skýringa frá ÍSí. Þegar félagtalið kom aftur inn í kerfið vantaði nýjustu félagsmenn Sleipnis. Í ljósi þessa og þeirrar neikvæðu umræðu um Felix sem skapaðist á ÍSí-þingi ákvað stjórn að fela framkvæmdastjóra að gera minnisblað um þá árekstra sem LH og hestamannafélögin hafa átt við Felix frá því hann var uppfærður 2017 og senda það til umfjöllunar í nefnd sem ÍSí skipar til þess að taka út Felix samkvæmt samþykkt á ÍSí þinginu.

17. Lög og reglur LH - Laganefnd

Stjórn samþykkir að laganefnd fari í þá vinnu í samvinnu við keppnisnefnd og aganefnd að teikna upp breytingar á uppsetningu á lögum og reglum LH sem verði svo kynnt fyrir næsta formannafund.

18. Önnur mál

a. Styrkbeiðni frá Æskan og hesturinn á höfuðborgarasvæðinu

Samþykkt að veita styrk að upphæð 70.000 kr.

Engin önnur mál tekin fyrir, fundi slitið um 18:30

Fundargerð ritaði Hjörný Snorradóttir

Reykjavík 10. maí 2019